

6. Enduruppbygging bókfræðigrunns með leiðréttingu greinarmerkjavandans í júní 2005.
7. Gerð forsagnar fyrir enduruppbyggingju nafnmyndaskrár. Fyrsta útgáfa var send til Ex Libris í mars 2005 en síðan hefur forsögnin verið í stöðugri endurskoðun.
8. Gerðar hafa verið þrjár gagnahleðslur og í kjölfarið prófanir og skýrslugerð. Fyrsta gagnahleðslan var í ágúst 2005 og sú síðasta í nóvember 2005.
9. Fyrstu dagana í desember 2005 verður kennsla í notkun nafnmyndaskrár ásamt því að stilla samspil bókfræðigrunns og nafnmyndaskrár.
10. Nafnmyndaskráin verður tekin í notkun fyrir júlí 2005.

Hvernig fór vinnan fram?

Stofnaður var óformlegur nafnmynda-vinnuhópur. Í honum eru eftirtaldar konur: Elísabet Halldórsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir Borgarbókasafni, Fanney Sigurgeirsdóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir og Ragna Steinarsdóttir Landsbókasafni og Sigrún Hauksdóttir Landskerfi bókasafna.

Það er búið að leggja mikla vinnu í þetta verkefni. Auk vinnuhópsins voru forritarar Ex Libris í Þýskalandi lykilmál og einnig unnu skráningarsérfræðingar Landsbókasafns og Borgarbókasafns ómælda vinnu við samræmingu á höfðalistum og aðrar lagfæringar á bókfræðigrunninum. Nafnmyndavinnuhópurinn vann vinnuna þegar þurfti, stundum voru venjulegir fundir en alloft voru nokkurra daga vinnulotur við skýrslugerð og skoðun á gögnum. Eitt meginviðfangsefni þessa hóps var að átta sig á því hvernig nafnmyndaskrá hentaði samskrá Gegnis. Þegar upp er staðið hefur nafnmyndaskráin orðið einfaldari, færri svið og deilisvið eru undirliggjandi. Það er trú vinnuhópsins að einfaldari nafnmyndaskrá stuðli að auknum gæðum skráningar og skilvirkari leit.

Sigrún Hauksdóttir
Landskerfi bókasafna

Útskrift í Bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands

Eftirfarandi nemendur útskrifuðust frá Félagsvísindadeild Háskóla Íslands í júní

2005. Aftan við nöfnin er titill lokaverkefnis og nafn leiðbeinanda:

MLIS

Unnur Rannveig Stefánsdóttir: *Visbendingar um þekkingarstjórnun í skipulagsheildum í fjármálastarfsemi á Íslandi*. (Jóhanna Gunnlaugsdóttir)

BA-próf

Arnheiður Guðlaugsdóttir: *Upplýsingaleiðir blaða- og fréttamanna: Öflun og miðlun upplýsinga*. (Ágústa Pálsdóttir)

Auður María Aðalsteinsdóttir: „*Brautryðjandi í nútíma veflist*.“ *Skráðar heimildir um listferil Ásgerðar Búadóttur* (Ágústa Pálsdóttir)

Ásdís Geirardóttir (ásamt Ólinu Rakel Þorvaldsdóttur): *Skrá yfir glæpasögur á íslenskri tungu*. (Anne Clyde)

Eygló Traustadóttir: *Ljósmyndasafn Reynis Zoëga*. (Jóhanna Gunnlaugsdóttir)

Guðbjörg Þórarinsdóttir: *Gagnasafn fyrir tímaritið Gestgjafann árganga 2002-2003*. (Ágústa Pálsdóttir)

Harpa Rut Harðardóttir: *Gagnagrunnur um Downs heilkenni*. (Ágústa Pálsdóttir)

Hrafnhildur L. Steinarsdóttir: *Upplýsingavefur um tónleika á Íslandi árið 1925*. (Anne Clyde)

Jamilla Johnston: (ásamt Guðrúnu Reynisdóttur): *Information Behavior of Secondary School Students in Iceland: An Explorative Study*. (Anne Clyde)

Kristín Þórarinsdóttir: *Gagnabanki yfir ævisögur*. (Anne Clyde)

Heimild: Skrifstofa Félagsvísindadeilda

Landssamningar að rafrænum gögnum og tillaga að nýrri greiðsluskiptingu

Landssamningar að rafrænum tímaritum við fimm birgja kosta í heild um 65 m.kr. Kostnaði er skipt á um 35 bókasöfn og stofnanir og greiða þau upphæðir í samræmi við þær prentuðu áskriftir sem þeir áttu hjá þessum birgjum árið 2000. Landssamningar um rafræn gagnasöfn bjóða aðgengi að um 30 gagnasöfnum á ýmsum sviðum og er kostnaður að upphæð 20 m.kr. Þessum kostnaði er skipt á 200 aðila í landinu og greiðir hvert safn tiltölulega lága upphæð. Landssamningur þýðir að samið er við erlenda birgja um að aðgangur að gagnasöfnum og tímaritum í rafrænu formi, sem þeir hafa til sölu, sé opin fyrir